Kýldi bara á þetta þegar tækifæri gafst

Ég hef sagt að það ætti að vera fiskbúð í sérhverju sjávarþorpi landsins svo fólkið hafi aðgang að fiskinum. Yfirleitt hefur fiskur verið talinn sjálfsagður í matinn hérlendis, en hann er það ekki í dag. Tengsl fólksins við sjávarútveginn slitnuðu. – Kári Þór Jóhannson, fisksali á Ísafirði er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 8 og 9.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. mars 2015 · 11. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak

Prútið loft og þungur sjór

Aftakaveður í Hnífsdal

Björgunarsveitir, slökkviliðsmenn og lögregla voru víða að störfum á laugardag í miklu óveðri sem gekk yfir landið. Hlynur Snorrason, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Vestfjörðum, segir að allnokkuð tjón hafi orðið á mannvirkjum og öðrum eignum í umdæmi lögreglunnar. Aftakaveður var í Hnífsdal og tók Finnbogi Sveinbjörnsson meðfylgjandi mynd af sjórokinu í dalnum. Frystiskipið Júlíus Geirmundsson ÍS sést á útleið.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma

Unnur Steinunn Kristjánsdóttir
frá Bæ í Súgandafirði – Hlíf II Ísafirði

andaðist föstudaginn 13. mars á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.
Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 21. mars kl. 11.
Jarðsett verður í Staðarkirkjugarði

Karl Guðmundsson
Elín Guðmundsdóttir
Þorleifur Guðmundsson
Hrönn Guðmundsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Sigurbjörn Ragnarsson
Díana Hermannsdóttir
Ágúst Þórðarson
Þorsteinn Svavarsson
Sigurvin Magnússon
og aðrir aðstandendur.

ÍSAFJARÐARBÆR

GEYMSLUHÚSNÆÐI ÓSKAST

Hafnir Ísafjarðarbæjar óska eftir að taka á leigu húsnæði á hafnarsvæðinu á Ísafirði. Æskilegt gólfrými er 300 m² og lofthæð allt að 10 metrar. Húsnæðið er ætlað sem geymsluhúsnæði að hluta og vinnusvæði vegna viðhaldsverkefna hafnarinnar.
Tilboðum skal skilað inn í síðasta lagi á hádegi 27. mars nk. á netf. hafnarstjori@isafjordur.is eða í lokuðu umslagi á skrifstofu hafnarinnar á Ásgeirsbakka merkt: Geymsluhúsnæði.
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Hafnarstjóri.

Stúlkur eru betri í íslensku

Stúlkur stóðu sig betur en drengir í samræmdum prófum í íslensku í fjórða, sjöunda og tíunda bekk í öllum landshlutum. Meðaltal einkunna var oftast hæst í Reykjavík en oftast lægst á Vestfjörðum. Þegar meðaltal samræmdra einkunna í íslensku í 4. bekk eru skoðaðar er meðaltalið hæst í Reykjavík, á Norðurlandi vestra og á Austurlandi en lægst á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra. Í stærðfræði stóðu stúlkur sig betur en drengir í öllum landshlutum nema í Reykjavík, á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi.

Í sjöunda bekk er meðaltal samræmdra einkunna í íslensku hæst í Reykjavík en lægst á Vestfjörðum. Í stærðfræði í sama árgangi var meðaltalið einnig hæst í Reykjavík og lægst á Vestfjörðum. Í stærðfræði stóðu stúlkurnar sig betur í öllum landshlutum nema á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra.

Í tíunda bekk var meðaltal samræmdra einkunna í íslensku, stærðfræði og ensku hæst í skólum í nágrenni Reykjavíkur. Lægst var meðaltalið í íslensku á Suðurnesjum, í stærðfræði á Austurlandi og í ensku á Vestfjörðum. Drengir stóðu sig betur en stúlkurnar í stærðfræði í öllum landshlutum nema á Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og á Suðurlandi. Drengir stóðu sig einnig oftar betur en stúlkur í ensku í öllum landshlutum nema í Reykjavík og Norðurlandi vestra.

Viðspyrnan er á Suðurfjörðunum

Vestfirðingum fækkaði um tvo á síðasta ári. Þann 1. janúar í fyrra voru Vestfirðingar 6.972 og 1. janúar í ár voru þeir 6.970. Í nýjum mannfjöldatölum Hagstofunnar kemur fram að íbúum fækkaði mest í Strandabyggð, eða um 33 og í Bolungarvík fækkaði næst mest, um 27 íbúa. Í sveitarfélögunum á sunnanverðum Vestfjörðum fjölgaði íbúum og sú viðspyrna í fækkun Vestfirðinga er fyrst of fremst þar.

Í Vesturbyggð fjölgaði um 53 og í Tálknafjarðahreppi fjölgaði um átta manns. Þá fjölgaði íbúum einnig í Súðavíkurhreppi um tvo, um sjö í Kaldrananeshreppi og einn í Árneshreppi. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 10 og í Reykhólahreppi fækkaði um þrjá íbúa.

Íbúum landsins fjölgaði um 1,1% frá fyrra ári. Fjölgunin var 1,2% á höfuðborgarsvæðinu en 0,8% fjölgun í landsbyggðunum. Fólki fjölgar á Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Fækkun er einkum bundin við Norðurland vestra þótt einnig fækki um 28 manns á Austurlandi og eins og áður segir um tvo á Vestfjörðum.

Verð sprengja
FROSIÐ
LAMBALÆRI
1.669/30%/
1.098
kr/kg
50% afslátturr
VERÐSPRENGJA
HAMBORGAR
HRYGGUR
1.998/50%/
999
TILBOÐ/Páska VIKUNNAR
19. mars - 1. apríl
SVÍNASNITSEL
1.862/26%/
1.377
kr/kg
120G NAUTA
HAMBORGARAR
227/15%/
193
kr/stk
FERSKT
ÚRKJÖTBORÐI
LAMBA FILE
M/FITU
4.138/21%/
3.269
kr/kg
BÖKUNAR
KARTÖFLUR
198/50%/
99
kr/kg.
RÍSEGG
FREYJU
PÁSKAEGG
NR.4 / ÆVINTÝRA-, RÍS-
EÐA DRAUMAEGG
1.769/21%/
1.398
kr/stk
26% afslátturr
21% afslátturr
50% afslátturr
COOP - 1KG
SPAGHETTI
300/20%/
240
kr/pk
COOP - 4 TEG
TÓMATAR
165/20%/
132
kr/stk
COOP
HVÍTLAUKSBRAUÐ
2STK 350G GRÓFT/FÍNT
349/20%/
279
kr/pk
COOP STÓR
BLÁBER
FROSIN 250 G
498/20%/
398
kr/pk
COOP
KARTÖFLUSTRÁ
497/20%/
398
kr/pk
COOP
MÚSLÍ
698/17%/
579
kr/pk
Samkaup úrval
www.Samkaupurval.is
Verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavixl.
markhönnun ehf

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hvað bíður handan hornsins?

Veðurkortin sem íslenskir veðurfræðingar máttu horfast í augu við fyrir síðustu helgi voru sögð þau dekkstu sem sögur fara af. Sem betur fór varð ekki manntjón, þrátt fyrir öll ósköpin, sem yfir gengu.

Veðurfræðingarnir á Veðurstofunni voru þó ekki þeir einu sem stóðu agndofa yfir kortunum, sem fyrir þeim lágu. Einkabréf utanríkisráðherra Íslands til vinaþjóðanna í ESB olli þvílíkum titringi, að segja má að veðurkortin hafi gleymst, fokið út í veður og vind.

Ef til vill er meginástæða þess að veðurkortin þokuðu fyrir sendibréfi ráðherrans sú, að almenningi urðu þau auðskilin, hið sama varð ekki sagt um ESB-kortið var þeim mun illskiljanlegra, eftir því sem fleiri sérfræðingar komu að lestri þess, innihaldið breytilegt frá degi til dags.

Þrátt fyrir skagfirsku mállískuna sem hámenntaðir menntahrókar virðast hnjóta um við hverja nýja yfirferð á texta sendibréfsins, jafnvel eftir því hvaða vikudagur er uppi, er mörlandanum eitt alveg kýrskýrt: Stjórnvöld virðast ákveðin í að sniðganga öll og marg ítrekuð fyrirheit um að þjóðin fái sjálf að hafa síðasta orðið um eigin vilja í þessum efnum.

Hvað sem öllum vangveltum og fræðilegum útskýringum hámenntaðra sérfræðinga á orðalagi póstkortsins til Brussel líður, er krafa almennings skilyrðislaust sú, að vilji hans sé virtur. Á því er enginn afsláttur gefinn.Er nema von að spurt sé hvað bíði handan hornsins þegar svo virðist komið að samþykktir Alþingis eru sniðgengnar eftir því sem henta þykir hverju sinni?

Hvað annað en lítilsvirðing við Alþingi fólst í þeirri ákvörðun embættismanns að loka útibúi Fiskistofu á Ísafirði á sínum tíma, þvert á einróma samþykkt Alþingis og ráðherra lét sem honum kæmi málið ekkert við?

Hvað var það annað en brot gegn samþykkt Alþingis þegar prófessorsstöðu, tengdri nafni Jóns forseta var troðið niður í Reykjavík, þrátt fyrir allt annan vilja og samþykkt Alþingis?

Þetta kunna að þykja lítilvæg mál, en skipta eigi að síður miklu máli. Og hvar endar þetta ef það verður daglegt brauð að sniðganga samþykktir Alþingis? Er draumurinn um að lögbinda Alþingi sem afgreiðslustofnun ráðherradeildarinnar?

Hvert sem litið er blasa við áleitnar spurningar. Og þegar samþykktir Alþingis eru sniðgengnar með jafn augljósum hætti og nú er gert, þarf engan að undra þótt ótti vakni um að hinna og þessara verkefna á landsbyggðinni bíði sömu örlög?

Óveðurspár Veðurstofunnar ganga sem betur fer fljótt yfir. Því miður eru ekki miklar líkur á að hið sama eigi við um átökin sem nú virðast vart umflúin í samfélaginu. *s.h.*

Spurning vikunnar

Á að leyfa sölu á áfengi í matvöruverslunum?

Alls svöruðu 726.
Já sögðu 220 eða 30%
Nei sögðu 506 eða 70%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Einar Hálfdáns drekkhlaðinn í Bolungarvíkurhöfn. Ljósm: Ágúst Svavar Hrólfsson.

22 tonn í einum róðri

Skipverjar á Einar Hálfdáns ÍS frá Bolungarvík fóru í sannkallaðan risaróður á sunnudag er þeir komu að landi með 22 tonn af steinbít. „Þetta er það mesta sem við höfum fengið á þennan bát, mesta fram að þessu eru 16 tonn," segir Steinar Hermann Ásgeirsson, sem var skipstjóri í róðrinum. Aflinn fékkst norður af Horni, við 12 mílna línuna. „Það voru 250 til 300 stykki á bala og það eru 500 krókar í bala og bara steinbítur, kannski 20 kíló af þorski með," segir hann. Steinar á ekki langt að sækja aflasældina. Má nefna að afi hans í móðurætt er Jón Pétursson, skipstjóri á Guðnýju ÍS og síðar Þorláki ÍS. Langafi hans í föðurætt er aflaskipstjórinn mikli, Ásgeir Guðbjartsson.
– smari@bb.is

Tíu ár frá stofnun Háskólaseturs Vestfjarða

Tíu ár voru liðin á fimmtudag í síðustu viku frá því stofnfundur Háskólaseturs Vestfjarða var haldinn að Suðurgötu 12 á Ísafirði, sem síðar varð framtíðarhúsnæði Háskólasetursins. Á fundinum settu 42 stofnaðilar á fót sjálfseignarstofnunina Háskólasetur Vestfjarða. Starfsemi Háskólaseturs hófst tæpu ári síðar, eða í janúar 2006, þegar Vestrahúsið var tilbúið undir starfsemina eftir miklar breytingar. Þá þegar hafði Peter Weiss forstöðumaður hafið störf en hann var ráðinn frá ágúst 2005.

Meðal stofnaðila eru allir háskólar landsins, rannsóknarstofnanir sem tengjast Vestfjörðum eða hafa útibú hér, stofnanir í Vestrahúsinu, sveitarfélög á Vestfjörðum og fyrirtæki og stofnanir sem sinna rannsóknum, fræðslu og þróun í víðum skilningi. Á þessum tíu árum hefur starfsemin þróast mikið. Frá upphafi hefur þjónusta við fjarnemendur á háskólastigi verið mikilvægur þáttur í starfseminni en á síðari árum hefur meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun orðið að hryggjarstykki starfseminnar.

Tilkoma Háskólaseturs breytti miklu fyrir stofnanir í Þróunarsetri, sem varð stærra og öflugra með tilkomu Háksólaseturs. Auk þess er Fræðslumiðstöð í sama húsi og nýtur Háskólasetrið góðs af nálægðinni við allar stofnanir og fyrirtæki hússins m.a. með margvíslegu samstarfi. Fyrir fimm árum gaf Háskólasetrið út yfirlitskýrslu um starfsemina frá upphafi til 2010 sem er aðgengileg á vefnum. Á vordögum er áætlað að gefa aftur út skýrslu af svipuðum toga þar sem litið er yfir farinn veg í tilefni tíu ára afmælisins.

– smari@bb.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL **NÝ**

3898 kr. kg.

Íslandslamb **Lambafillet ferskt ókryddað**

BÓNUS
Vinsælasta fyrirtæki ársins 2015
Árleg könnun Frjálsrar verslunar

VINSÆLASTA FYRIRTÆKIÐ 2015

2998 kr. kg.

Íslandslamb **Lambaprime ferskt ókryddað**

598 kr. kg.

Ali **Grísabógur** *ferskur*

1098 kr. kg.

Ali **Ferskur úrb. grísahnakki í sneiðum**

1098 kr. kg.

Ali **Ferskar grísakótilettur**

759 kr. kg.

Kjörfugl **Heill ferskur kjúklingur**

498 kr. 2 x 140g.

Íslandsnaut **Ungnautahamborgarar**
Ferskir 2 stk. 2 x 140g

1598 kr. kg

Íslandsnaut **Ungnautahakk** Ferskt

1898 kr. kg

Kjörfugl **Kjúklingbringur ferskar**

BED HEAD
TIGI

4998 kr. 2 x 750ml

TIGI BED HEAD Sjampoo & næring

598 kr. kg.

Kjarnafæði **Folaldakjöt /** kofareykt m.beini

598 kr. kg.

Kjarnafæði **Folaldakjöt / saltað m.beini**

2498 kr. 100ml

TIGI BED HEAD
After the party

1998 kr. 3 x 75ml

TIGI BED HEAD Töskur 3 x 75ml

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 22. mars

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Snjómoksturskostnaður fram úr áætlunum hjá sveitarfélögunum

Snjómoksturmenn á Vestfjörðum hafa haft í nógu að snúast frá því um áramót enda hefur tíðarfarið verið með leiðinlegasta móti. Samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ fyrir kr. 39.908.977.- í snjómokstur á þessu ári. Í lok janúar var kostnaðurinn kominn í rúmar 18 milljónir króna. Bókun reikninga fyrir febrúar er ekki lokið hjá Ísafjarðarbæ og því liggja tölur ekki enn fyrir en þú þegar hafa verið bókaðar 4,7 milljónir króna í mánuðinum. Heildarkostnaður við snjómokstur í sveitarfélaginu er því kominn í tæpar 23 milljónir króna. Ljóst er því að þessi liður í bókhaldi sveitarfélagsins mun fara yfir áætlaðan kostnað. Á síðasta ári nam snjómostur hjá Ísafjarðarbæ ríflega 60,6 milljónum króna og 46,2 milljónum árið 2013.

„Bæjarbúar hafa fjölmargir lýst yfir mikilli ánægju með mokstur gangstétta og göngustíga enda hefur tekist vel til þar. Við leggjum ofur áherslu á að gangandi fólki sé vel sinnt og verktakinn hefur staðið sig vel. Í öðrum snjómokstri höfum við bæði fengið lof og last og við þurfum ef til vill að bæta eitthvað skipulagið hjá okkur þar. Við erum reyndar með mjög góðar snjómoksturs reglur á vef Ísafjarðarbæjar sem ber að fylgja og ég bið fólk að kynna sér þær og gera formlegar athugasemdir ef það telur þeim ekki vera fylgt. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri við bæjarskrifstofu, nú eða beint til mín eða nýs yfirmanns umhverfissviðs, Brynjars Þórs. Við stefnum svo að því að taka þessar reglur til endurskoðunar, auka áherslu á gönguleiðir og gera jafnframt grein fyrir hálkuvörnum í reglunum," segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Snjómoksturmenn á Vestfjörðum hafa haft í nógu að snúast frá því um áramót.

„Veturinn hefur verið okkur afar snjóþungur með tilheyrandi kostnaði við snjómokstur. Ljóst er að það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun í snjómokstur fyrir árið 2015 stenst ekki, en í fjárhagsáætlun var get ráð fyrir 1,5 milljón krónur í snjómokstur. Veturinn hefur kostað okkur rúmlega milljón og sú tala á eftir að vaxa miðað við þann hroða sem ég sá í kortunum nú í morgun," segir Pétur Markan sveitarstjóri í Súðavík.

„Fyrri vetur hafa verið umtalsvert mildari við okkur, af því frádregnu að desember kemur inn á rekstrarár 2014 og desember var afar snjóþungur svo ekki sé meira sagt. Hins vegar er það þannig að veröld okkar sem byggjum svo norðarlega getur auðveldlega tekið hamskiptum og fyllst af snjó einn veturinn, þó svo seinustu vetrar hafi verið okkur ljúfir af mörgu leiti. Þá er ekkert annað að gera en að bíta í skjaldarrendurnar og mæta vetrinum af hörku, moka og halda götum opnum, spara annarsstaðar á meðan og halda uppi þjónustu við íbúa svæðisins. Snjómokstur er tilfinningamál sem gárungurinn elskar að ræða. Það er mín vissa að snjómokstri sé afar vel sinnt í Súðavíkurhreppi, þar tala tölunar sínu máli en auðvitað má örugglega gera betur og það reynum við ," segir Pétur Markan.

Athafnalíf lamast ef götur eru ekki mokaðar

Snjómoksturskostnaður reyndist Bolvíkingum dýr á síðasta ári að sögn Elíasar Jónatanssonar, bæjarstjóra. Alls fór 21 milljón krónur í snjómokstur í fyrra sem er sex milljónum króna meira en áætlun gerði ráð fyrir. Í lok síðasta mánaðar var kostnaður þessa árs kominn í 8 milljónir króna. Árið 2013 var snjómoksturskostnaður Bolvíkinga 11,5 milljónir króna og 13,5 milljónir árið 2012. „Við eigum ekki margra valkosti hvað varðar snjómokstur því allt athafnalíf lamast ef götur eru ekki mokaðar og fólk kemst ekki til og frá vinnu. Snjómokstur er því hluti af grunnþjónustu sveitarfélagsins," segir Elías.

„Ég þori að fullyrða að bæjarbúar eru almennt ánægðir með snjómoksturinn hér í bæ. Við reynum að búa þannig í haginn að hægt sé að opna bæinn á mjög skömmum tíma með því að ryðja í gegn á tæki með snjótönn. Síðan er farið í að breikka og snjónum þá komið fyrir á safnstöðvum fyrir snjó. Að lokum er svo farið í að tæma safnstöðvar þegar aðstæður eru góðar veðurfarslega og allt gert klárt til að taka á móti meiri snjó," segir Elías.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug
við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu okkar

Ólínu K. Jónasdóttur
Brunngötu 20 – Ísafirði

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki í heimahjúkrun á Ísafirði og starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fyrir alúð og góða umönnun.

Kristján Hilmar Lyngmo

Guðmundur Óli K. Lyngmo	Anette Hansen
Sveinn Daníel K. Lyngmo	Þórdís Steinþórsdóttir
Jón Alberts K. Lyngmo	Sigrún Ingadóttir
Kristinn Gunnar K. Lyngmo	Halldóra Halldórsdóttir
Sigrún K. Lyngmo	
Hilmar K. Lyngmo	Sigríður Sigþórsdóttir
Jónas K. Lyngmo	
Berglind K. Lyngmo	

barnabörn og barnabarnabörn.

Til sölu

Til sölu er einbýlishús úr timbri að Dalbraut 43 á Bíldudal - Gilsbakki. Húsið er 142,5m² að stærð með kjallara. Ásett verð er 10 millj. kr.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 456 3244 eða á eignir@fsv.is – fsv.is.

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Fiskbúð
Рыбный магазин
La poissonnerie
Sklep rybny
คนขายปลา
Tindero ng isda
Marisqueria
Peixaria
Der Fischladen
Magazin de peste
Local Fish Shop
Fiskebutik
Fiskaffär
Kalakauppa
鮮店
魚屋
Fishmongers
생선
Viswinkel
Fiskeforretning
FISKBÚÐ
SJÁVARFANGS
Opið mán. - fös.
11:00 - 18:00
s: 456-4400

Það verður að gera þetta almennilega

Kári Þór Jóhannsson opnaði Fiskbúð Sjávarfangs á Ísafirði sumarið 2011 eða fyrir bráðum fjórum árum. Þá hafði ekki verið fiskbúð á Ísafirði í fimmtán ár. Búðin hans Kára er við Sundahöfnina á sérlega heppilegum stað hvað túrista af skemmtiferðaskipunum varðar, í sama húsi og fiskmarkaðurinn og gömlu beitningarskúrarnir. Stóru skipin sem komast ekki að hafnarkanti liggja fyrir utan og bátarnir sem flytja farþegana á milli koma að nýrri bryggju sem var sett beint fyrir framan fiskbúðina. Þar af leiðandi kemur þar mikill fjöldi af erlendum túristum, margir að skoða, aðrir að versla. Kári og fiskbúðin hans hafa reyndar verið kölluð andlit Ísafjarðar.

Kári hefur átt heima á Ísafirði alla sína tíð. Hann er fæddur á Gamla sjúkrahúsinu, sonur Jóhanns Kárasonar, sem lengi var í lögreglunni á Ísafirði, og Ragnheiðar Guðbjartsdóttur úr Ásbyrgi (Brunngötu 10), á horni Brunngötu og Skipagötu, systur Geira á Guggunni og þeirra systkina. Móðir Jónínu ömmu hans í Ásbyrgi var Ragnheiður ljósmóðir í Kjós í Jökulfjörðum.

„Það er gaman að því," segir hann, „að þegar hún var ljósmóðir í Kjós fæddist Helga amma mín í föðurættina á Neðra-Nesi í Grunnavík. Þannig tók langammma mín á móti ömmu minni, en það orðalag mætti auðvitað skilja á tvo vegu!"

Of mikið að vera þrír bræður á sama skipi

Kári Þór er á fimmtugasta og fyrsta aldursári. „Ég kom nógu tímanlega í heiminn til að sjá breytingarnar í samfélaginu hérna á Ísafirði, frá línubátunum í togarana og svo upp í frystitogarana, samþjöppunina í sjávarútveginum og síðan að sjá frystihúsin hverfa. Þegar ég var í Norðurtanganum var maður náttúrlega svo nálægt þessu öllu saman. Þá var maður að taka á móti línubátunum á kvöldin og nóttunni, Guðnýjunni, Orranum og Víkingi, og svo auðvitað togurunum, Guðbjarti og Hálfdáni í Búð."

– Varstu ekki á sjó sjálfur?

„Það var mjög lítið, fór bara nokkra túra þegar ég var unglingur, bara til að prófa. Það æxlaðist þannig fyrst að ég fékk að fara með einn túr hjá Hörra frænda mínum á Guðbjarti. Nonni og Gunnar bræður mínir voru á skipinu líka og það var kannski of mikið að það væru þrír bræður á sama skipi. Og Hörri þar að auki móðurbróðir okkar."

– Þú talar um miklar breytingar í sjávarútveginum. Þegar þú lítur til baka yfir þennan tíma, hvað finnst þér um þær? Eru þær allar til bóta, eða hvað?

Þegar Kaninn fór, þá var rokið til

„Varðandi þessar róttæku breytingar í sjávarútveginum voru ekki gerðar neinar mótvægisaðgerðir í tíma. Þegar þeir skáru niður aflaheimildirnar, þá þýddi það auðvitað fækkun starfa í sjávarútvegi, bæði á skipunum og í landi. Einhvers staðar hlaut þetta að koma niður. Þegar Kaninn fór, þá var rokið til fyrir sunnan að gera allt fyrir menn þar, en í sjávarútveginum var þetta bara kallað eðlileg þróun þegar heilu byggðarlögin lögðust í rúst.

Auðvitað eru rosaleg tækifæri í sjávarútveginum í dag, og hafa alltaf verið. Ísafjörður hefur alltaf verið sjávarbær, þó svo að túristinn sé að koma sterkur inn núna, en hann er hér ekkert allt árið eins og sjávarútvegurinn."

Kári Þór býr inni í firði á Ísafirði, í Brautarholtinu, en ólst upp á Engjaveginum. „Ég var reyndar fyrstu árin í Ásbyrgi þar sem foreldrar mínir bjuggu saman, en pabbi byggði húsið Engjaveg 8 og við fluttum þangað upp eftir þegar ég var fjögurra ára. Þetta var á þeim tíma þegar menn gerðu hlutina sjálfir og byggðu húsin sjálfir."

Öll systkinin fimm búsett á Ísafirði

Systkini Kára eru fjögur, þar af tveir hálfbræður. „Mamma átti tvo drengi áður en hún og pabbi tóku saman."

Elstur systkinanna fimm er Gunnar Árnason hjá Gámaþjónustu Vestfjarða, síðan er Jón Árnason hjá Fiskmarkaði Suðurnesja á Ísafirði, svo kemur Kári í miðjunni, næstyngst er Helga Jóhannsdóttir leikskólastjóri á Sólborg og yngst er Sigríður Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Öll systkinin fimm eiga heima á Ísafirði. Líklega er ekki mjög algengt að ekkert af svo mörgum systkinum skuli hafa flutt suður eða eitthvað annað.

„Við erum öll svo heppin að hafa getað átt hérna heima, öll getað skapað okkur vinnu hérna á Ísafirði. Ég kalla það bara heppni, því að í öllum þessum samdrætti síðustu tuttugu árin hafa margir þurft að flytja burt til að geta fundið sér vinnu til að hafa lifibrauð."

– Hefur þér aldrei dottið í hug að flytja suður?

„Nei, ég er allt of mikill Vestfirðingur í mér til að vera fyrir sunnan. Við krakkarnir lékum okkur hérna úti í náttúrunni og ólumst upp í skjólinu milli fjallanna. Þó að fjöllin hérna fyrir vestan geti vissulega verið skæð, þá verður bara að bera virðingu fyrir þeim og umgangast þau eftir því."

Silungsveiði við Brúarnesti

– Hverjir voru helstu leikfélagarnir?

„Það voru strákarnir hans Óla Villa, þeir Kiddi og Guðbjartur. Þá var Óli Villa með fjárhúsin uppi á horninu á Urðarvegsbrekkunni. Andrés og Garðar voru líka með fjárhús þar rétt hjá. Þarna voru kindur og geitur og hænsni, sveitin var einfaldlega í kringum mann. Svo var örstutt að fara á hjólinu inn að Brúarnesti og veiða nokkra silunga, eða niður á bryggju að dorga. Þá var miklu meiri fiskgengd hérna í firðinum en áður var. Þegar menn urðu varir við að silungurinn eða laxinn voru að ganga, þá voru þeir strax komnir með stengurnar á fleygiferð."

– Heldurðu að þú hafir búist við því á þeim tíma að þú ættir eftir að hafa það fyrir atvinnu að selja silung og annan fisk?

„Nei, það hefur ekki hvarflað að mér á þeim tíma. En þegar ég var í Norðurtanganum, þá var ég nokkrum sinnum settur í að flaka fyrir konurnar í fiskbúðinni. Gummi Sölva heitinn sem sá alveg um það tók sér sjaldan frí, en í einhver skipti skrapp hann suður og þá var ég settur í þetta, að flaka og gera fiskinn kláran fyrir söludömurnar."

Kennslan hjá Mæju hélt áfram inn í sumarið

Kári Þór byrjaði ungur að vinna, líkt og algengt var á Ísafirði og auðvitað miklu víðar.

„Ég var stór miðað við aldur og fjórtán ára gamall laug maður sig inn í lestanir á skipum eins og Hofsjökli. Þá voru sextán ára guttarnir teknir í vinnu og þeir litu mig kannski hornauga þegar ég var stærri en þeir.

Á sumrin var svo unglingavinnan, eins og það var kallað. Ég man sérstaklega eftir því þegar Mæja heitin Gunnars sem kenndi okkur dönsku í gagnfræðaskólanum var yfir unglingavinnunni eitt árið. Þá var ég mikið að vinna í blómagörðunum og gera bæinn snyrtilegan. Segja má að kennslan hjá Mæju hafi haldið áfram frá vetrinum og inn í sumarið, því að við þurftum að læra nöfnin á öllum blómunum!"

Svo þegar gagnfræðaskólanum lauk, þá fór Kári í frystihúsin og smávegis á sjóinn. Tíminn í Norðurtanganum varð eitthvað um fimmtán ár. „Síðan var ég beðinn um að leysa af í eitt ár að sjá um frystigeymslu Vestra við höfnina, þar sem Háskólasetrið og Þróunarsetrið og Fræðslumiðstöðin eru núna, en það urðu önnur fimmtán ár."

Kári segir að þarna í Vestrahúsinu megi sjá breytingarnar á Ísafirði í hnotskurn, menntasetur komin þar sem áður var fiskvinnsla. „Háskólasetrið á eftir að verða stöðugt stærri þáttur í samfélaginu hérna, ef það fær tækifæri til að vaxa og þróast, en það tekur auðvitað sinn tíma."

Fjörugar umræður við kaffiborðið í Vestra

Eftir árin fimmtán hjá Vestra stofnaði Kári fiskbúðina sína. Það var í júlímánuði 2011. „Eftir að frystihúsin lögðust af, þá hurfu fiskbúðirnar líka, því að þær voru partur af þeim. Ég hef sagt að það ætti að vera fiskbúð í sérhverju sjávarþorpi landsins svo að fólkið hafi aðgang að fiskinum. Yfirleitt hefur fiskur verið talinn sjálfsagður í matinn hérlendis, en hann er það ekki í dag. Tengsl fólksins við sjávarútveginn slitnuðu," segir hann.

„Það voru oft fjörugar umræður við kaffiborðið í Vestra þegar þau komu þar saman Ólafur Bjarni Halldórsson framkvæmdastjóri Vestra og Ísfangs, Gunnar Jónsson skipamiðlari, Bryndís Friðgeirsdóttir hjá Rauða krossinum og fleiri. Þá var mikið talað um að það vantaði fiskbúð í samfélagið hér. Það var hálfur annar áratugur sem það var engin fiskbúð hérna á Ísafirði. Ég kýldi svo bara á þetta þegar tækifæri gafst, fékk hentugt húsnæði þar sem ég gat drifið þetta áfram einn, í sama húsi og fiskmarkaðurinn, og svo er ísframleiðslan hinum megin við götuna."

Og núna er Fiskbúð Sjávarfangs, verslunin hans Kára, eina fiskbúðin á Ísafirði.

„Eina fiskbúðin á Vestfjörðum! Ég veit ekki betur en næstu fiskbúðir séu í Mosfellsbæ annars vegar og á Akureyri hins vegar, ég veit ekki betur en þetta sé eina fiskbúðin milli höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar," segir hann og hlær.

Allar tegundirnar til í búðinni á Ísafirði

Þannig er hann tæplega í mjög harkalegri samkeppni á svæðinu. Einmitt þess vegna er gaman að rifja upp niðurstöður könnunar sem verðlagseftirlit ASÍ gerði í 27 fiskbúðum og öðrum verslunum með fiskborð um land allt á síðasta sumri. Fiskbúð Sjávarfangs reyndist þar eina búðin sem átti til allar 23 tegundirnar af sjávarfangi sem skoðaðar voru, og með hæsta verðið aðeins á laxi, heilum og í sneiðum, sem fluttur var sunnan úr Borgarnesi.

„Það tekur nokkur ár að koma þessu af stað, að venja fólkið við það aftur að hafa fiskbúð. Það hefur verið stöðugur vöxtur jafnt og þétt alveg síðan ég opnaði. Fólk er hægt og sígandi að venjast þessu aftur, venjast því að ganga að því vísu að það sé alltaf til fiskur."

– Er þetta ekki skemmtilegt?

„Jú, alveg þrælgaman, annars væri maður ekki í þessu! Ég er í þessu tólf tíma á dag fimm daga vikunnar, síðan fjóra til sex tíma á laugardögum og annað eins á sunnudögum. Það tekur eitt við af öðru, og svo er maður að eltast við fiskinn hérna út um alla firði, eiginlega yfir fjöll og firnindi."

– Framboðið hjá þér hlýtur að vera árstíðabundið að einhverju leyti. Hvað einkennir helst í þeim efnum tímabilið frá áramótum og fram á vorið?

Kjöthátíðirnar draga fram fiskneysluna

„Ef við byrjum bara á jólum og áramótum, þá má segja að kjöthátíðirnar dragi fram fiskneysluna hjá fólki. Ég veit ekki hvort fólk fær samviskubit af því að borða svona mikið kjöt, svo að það þurfi að borða annað eins af fiski. En svo er líka margir sem vilja hafa fisk á borðum fleiri daga en kjötið.

Suma dagana er ég að keyra á öllum tegundum sem eru fáanlegar hér á svæðinu og öðru sem ég hef dregið að mér. Núna er ég yfirleitt alla daga með bleikjuna frá Tálknafirði, sem er alveg toppvara. Svo er regnbogasilungur frá Þingeyri, sem er mjög góður. Laxinn fæ ég úr Borgarnesi. Núna um daginn var ég að taka rauðmaga frá Siglufirði og Dalvík.

Þetta fer allt eftir því hvað er í gangi í náttúrunni á hverjum tíma. Fólk tekur frekar rauðan fisk yfir jólin og áramótin, og humarinn. Ég fæ hann frá Höfn í Hornafirði eða Vestmannaeyjum.

Þegar komið er fram yfir áramótin byrja gotan og lifrin. Sumir hérna fyrir vestan tala um kýtu en ekki gotu, en fyrir sunnan er talað um hrogn. Eldra fólk sem kemur hér í búðina og talar um kýtu segist hafa það frá foreldrum sínum.

Það má segja að bæði rauðmaginn og svo gotan og lifrin séu fyrstu vorboðarnir. Ég salta rauðmagann og þurrka og Hálfdán úr Kálfavík hefur reykt hann

fyrir mig. Það er eins vestfirskt og hægt er að hafa Djúpmannabragð af rauðmaganum.

Þegar komið er fram undir páska fer steinbíturinn að verða góður. Á vorin hef ég verið með svartfuglsegg bæði úr Látrabjargi og Hornbjargi, það fer bara eftir því hvað menn eru duglegir í eggjatínslunni.“

Hákarl af Ströndum og súr hvalur úr Hvalfirði

Sumt af því sem Kári er með í búðinni þegar svo ber undir fæst ekki hvar sem er. Þar má nefna ferskan hörpudisk og bláskel frá Stykkishólmi. „Ég held að það fái eiginlega enginn hörpudisk eða bláskel hérna á svæðinu nema gegnum mig.“

Kári verkar og herðir allan harðfisk sjálfur, aðallega yfir vetrarmánuðina þegar rólegra er.

„Ég geri eins mikið sjálfur og ég get, nánast það eina sem ég er ekki kominn af stað með er hákarlinn. En ég þekki góða menn á Ströndum sem hafa útvegað mér hákarl. Og súra hvalinn fæ ég hjá vönum mönnum í Hvalfirðinum. Það er enginn maður með mönnum nema hann fái hvalinn hjá Kristjáni Loftssyni! Ég verð að vera með súra hvalinn, því að eldri borgararnir koma reglulega að ná sér í bita.

Þegar kemur inn í sumarið, þá er tvöfalt eða þrefalt hjá mér miðað við veturinn. Túristinn byrjar að koma hér upp úr páskum. Reyndar er maður farinn að sjá hér ferðamenn núna, en það er mjög snemmt. Aðallega byrjar þetta upp úr páskunum og endar í september.“

– Þú ert skötusérfræðingur ...

Kári hlær. „Það má segja að ég sé alinn upp í skötunni. Ætli ég sé ekki kominn með þrjátíu og fimm til fjörutíu ár í henni. Ég var í verkuninni í Norðurtanganum á sínum tíma. Svo er ég Lionsfélagi og þá er maður þar í skötuverkuninni og selur Lionsskötuna. Þetta er ein af öflugustu fjáröflununum hjá Lions hérna á Ísafirði. Eða eins og sagt hefur verið: Jólin byrja ekkert fyrr en vestfirski ilmurinn leggst yfir landið!

Svo tókum við Lionsfélagar hérna á Ísafirði upp á því að vera líka með skötu á Þorláksmessu á sumri. Við gerðum það í samstarfi við Magga í Tjöruhúsinu. Það tíðkaðist hvergi áður, svo mér sé kunnugt um. Þetta eru alltaf líflegir dagar. Ég er fæddur 20. júlí, sem er einmitt Þorláksmessa á sumri!“

Setur gamlar ljósmyndir á Facebook

– Af því sem hér hefur komið fram má ætla að þú hafir ekki mikið af tómstundum með allri þessari vinnu ...

„Nei, ekki núna, en ég hef myndavélina alltaf með mér. Það er eiginlega eina hobbíið hjá mér síðustu árin. Ég stundaði stangveiðina og selinn og rjúpuna og gæsina og öndina og sjófuglinn þegar ég hafði tíma. Núna læt ég bara nægja að vera með myndavélina og skjóta með henni. Ég reyni að eltast við rétta augnablikið,“ segir Kári.

„Ég keypti fyrstu græjurnar af Leo ljósmyndara þegar hann var með stofu hérna við Aðalstrætið. Hann seldi mér mjög góðar græjur sem ég þvældist með um allar jarðir, svo sem til Kanarí, Kúbu og Hawaii. Þetta var hörkugóð filmuvél, svo góð að ég fór frekar seint inn í digitalið. Þetta hefur eiginlega verið helsta hobbíið um dagana. Ég var held ég tíu ára þegar ég tók fyrstu myndina á vélina hjá pabba. Hún var af hvíta lóðsinum við lóðsbryggjuna hérna niðri í Dokku,“ segir hann.

Varðandi ljósmyndirnar má nefna hér, að Kári setur öðru hverju gamlar myndir úr bæjarlífinu á Ísafirði (og aðrar myndir af ýmsu tagi) inn á Facebooksíðu verslunarinnar (Fiskbúð Sjávarfangs). Þar lætur hann líka vita hverju sinni hvað hann er með nýtt á boðstólum þann daginn.

„Já, þetta er alveg hörkuvinna og lítið um tómstundir,“ segir Kári um fiskbúðina og allt sem að henni snýr, „og verður þangað til ég er búinn að koma þessu almennilega á koppinn. Það þýðir ekkert að gera hlutina með hangandi hendi, það verður að gera þetta almennilega.“

– Fer ekki að líða að því að þú ráðir alls ekki við þetta einn?

„Yfir sumarmánuðina erum við tveir. Aðalsteinn Ásgeir Ólafsson, sonur Óla frá Kleifum í Seyðisfirði, hefur verið hjá mér yfir sumarið. Hörkuduglegur strákur. Svo vinnur hann hjá mér eitthvað um tvo tíma á dag yfir vetrarmánuðina, kemur og dregur mig í land á virkum dögum svo að ég geti klárað daginn.“

Sumir gestanna hafa aldrei séð fisk

Ekki síst vegna þess hvar Fiskbúð Sjávarfangs er til húsa, rétt fyrir ofan litlu bryggjuna þar sem bátarnir koma með farþegana af stóru skemmtiferðaskipunum, hafa búðin og Kári Þór verið kölluð andlit Ísafjarðar.

„Við þurfum auðvitað að taka vel á móti þessum óhemjufjölda af túristum sem koma hér í bæinn. Eins og þegar það koma kannski þrjú þúsund manns á búðarhornið hjá mér, þá er alltaf stór partur af því sem er að koma og skoða, og þá verður maður að gefa sér tíma til þess að kynna samfélagið hér. Þetta fólk ber út boðskapinn, selur fyrir okkur samfélagið og landið.

Eitt gott dæmi: Ég settist niður einn laugardag síðasta sumar með eldra fólki frá Bandaríkjunum, sem var að bíða eftir ferðinni inn í Vigur með Hafsteini og Kiddý. Ég spjallaði við þetta fólk í kannski tuttugu mínútur og lét það hafa kynningarbæklinga um svæðið hérna.

Það kom mér síðan mjög á óvart nokkru seinna þegar ég fékk póstkort frá Bandaríkjunum, sem var þakkarbréf frá túristunum sem sátu hérna fyrir utan og spjölluðu við mig. Þetta kostar ekkert nema almenna kurteisi og gefa sér tíma til að tala við fólkið.

Núna í sumar komu hér Frakkar á þremur húsbílum og parkeruðu fyrir utan búðina hjá mér og settu grillið af stað og þarna var máltíð hjá þeim í klukkutíma. Það þarf yfirleitt ekki annað en þolanlegt veður og gott spjall við túristana til að þeir séu ánægðir.“

Kári segir að margir af útlendingunum sem til hans koma hafi aldrei áður séð fisk nema kannski sem mat á diski.

„Ég sýni þeim stundum fallegan þorsk og skötusel og ýsu og löngu og hlýra og steinbít og fleira. En það sem túristunum sem koma til Íslands og keyra hringinn í kringum landið finnst skrítið, er að komast hvergi í fiskbúð nema loksins hér á Ísafirði þegar þeir eru búnir að þræða öll sjávarplássin á Vestfjörðum!“

Alltaf að kynnast nýjum húsum á Ísafirði

Litli leikklúbburinn á Ísafirði, sem fagnar fimmtugsafmæli sínu í næsta mánuði, frumsýnir núna á laugardaginn í Edinborgarhúsinu gamanleikinn *Kallarðu þetta leikrit?!* eftir Ágúst T. Magnússon. Leikurinn gerist í samtímanum og koma þar meðal annars við sögu þrjár hurðir, söngvar, kossaflens og kinnhestar. Fjallað er um tilveru lítils leikfélags úti á landi og leikstjórans að sunnan.

Í leikritinu eru tíu hlutverk og jafnmargir leikarar, og síðan er tónlistarstjóri sem fer raunar líka með hlutverk í leikritinu. Að auki er að sjálfsögðu heill her af öðru fólki sem kemur að uppfærslunni með einum eða öðrum hætti. Framkvæmdastjórar sýningarinnar eru hin margreynda Halla Sigurðardóttir og Steingrímur Rúnar Guðmundsson, formaður LL.

Leikstjóri er Kári Halldór, tónlistarstjóri Stefán Steinar Jónsson og ljósateyminu stjórnar Jóhanna Ása Einarsdóttir. Hér á eftir er rætt við þau, bæði um sýninguna og þau sjálf. Þetta er í þriðja sinn sem Kári Halldór starfar með Litla leikklúbbnum.

„Við vorum nokkur saman með barnasýningu hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar árið 1976 og komum hingað vestur og lékum nokkrar sýningar," segir Kári. „Litli leikklúbburinn var okkur hjálplegur í heimsókninni og leyfði okkur að gista í Selinu í Hnífsdal, og Trausti Hermannsson formaður klúbbsins bauð mér síðan að koma og leikstýra þarna um haustið. Þetta var leikrit eftir finnska rithöfundinn Johan Bargum, sem nefndist á íslensku *Við byggjum baðhús*.

Kom í harðan íslenskan sultarveruleika

Svo hringdi Trausti í mig aftur undir jól 1981 og sagði að klúbburinn væri að láta semja leikrit og langaði til að fara með sýninguna á Listahátíð í Reykjavík árið eftir, og spurði hvort ég gæti komið og sett hana upp og séð til þess að hún færi á Listahátíð. Þá var ég að byrja að æfa *Þrjár systur* á Akureyri, þannig að tíminn var frekar naumur. Ég kom hingað frá Akureyri og við settum upp verkið á fimm vikum. Þetta var leikritið *Úr aldaannál* eftir Böðvar Guðmundsson."

– Þú hefur komið beint úr Tsjekhov í Böðvar Guðmundsson ...

„Já, ég kom beint úr rússnesku samóvarleikriti, eins og mætti kalla það, yfir í harðan íslenskan sultarveruleika."

Litli leikklúbburinn sýndi svo leikritið Úr aldaannál í Félagsheimilinu í Hnífsdal um vorið. Síðan fór hann með það á norræna menningarvöku í Danmörku áður en það var flutt í Gamla bíói á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1982.

„Ég er alltaf að kynnast nýjum húsum þegar ég kem hingað. Það er skemmtilegt út af fyrir sig. Núna er það Edinborgarhúsið. Úr aldaannál var æft og sýnt í Félagsheimilinu í Hnífsdal og Baðhúsið var sýnt í Alþýðuhúsinu, en það má ekki gleyma því að þá æfðum við í Seli Litla leikklúbbsins í Hnífsdal," segir Kári.

Sex manns í ljósateyminu

Jóhanna Ása Einarsdóttir, sem stjórnar ljósateyminu í sýningunni, er kona Stefáns tónlistarstjóra. Aðspurð hvort hún hafi verið mikið í kringum leiklist og ljósastjórn um dagana segir hún:

„Ég hef verið það mikið frá árinu 2000, mest þó með Leikfélagi Hólmavíkur. Það er auðvitað lítið leikfélag og maður verður bara að ganga í það sem þarf að gera. Þar var ég bæði í kringum ljós og annað," segir hún, og nefnir jafnframt að hún hafi líka leikið í fjórum leikritum á Hólmavík. „Og þegar ég var barn hér á Ísafirði lék ég í einhverri útfærslu á Dýrunum í Hálsaskógi í Alþýðuhúsinu. En það er bara eitt ár sem ég er búin að starfa með Litla leikklúbbnum núna."

– Er það rétt skilið að vinnan við lýsinguna í þessari sýningu sé óvenjulega umsvifamikil? Hvað eruð þið mörg í þessu?

„Þetta er kannski ekki óvenjulega mikið, en dálítið öðruvísi en fólk er vant. Við erum sex í þessu. Þetta er það mikið starf að það er betra að vera fleiri en færri. Það voru líka nokkrir krakkar sem hafa verið að vinna í tæknimálum í grunnskólanum sem langaði til að vera með. Við tókum þau bara með, þannig að þess vegna við erum kannski fleiri en venjulega. Með því erum við líka að byggja upp fyrir framtíðina."

Sonur þeirra Jóhönnu Ásu og Stefáns er með henni í ljósateyminu, en dóttir þeirra er handlangari og hjálpar til. „Hún er of ung ennþá til að vera með eitthvert fast hlutverk."

Jóhanna Ása vonast til að sem flestir komi að sjá leikritið. „Það verður enginn svikinn af þessari frábæru sýningu," segir hún.

Hljómborð með trommuheila og öllu því drasli

Stefán Steinar Jónsson tónlistarstjóri sýningarinnar er Önfirðingur að uppruna. „Ég er búinn að vera flökkukind gegnum tíðina, hef átt heima á ýmsum stöðum," segir hann. Á ungum aldri átti Stefán heima á Flateyri og gekk í tónlistarskólann þar í þrjú ár, en að öðru leyti er hann sjálfmenntaður í tónlist. Seinna bjó hann í tíu ár á Hólmavík og starfaði þar meðal annars í tvo vetur sem tónlistarkennari.

„Ég hef verið að spila á böllum alla tíð síðan ég var strákur, en í seinni tíð hef ég verið að þvælast hér og þar með einn gítarleikara með mér. Gummi Hjalta er með mér núna þessi árin, en ég spila á hljómborð með trommuheila og öllu því drasli. Það er rokkbandastíll á þessu."

Tónlistin í þessu verki sem frumsýnt verður á laugardag er

Orlofsíbúð

Stórt starfsmannafélag á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína næsta sumar. Áhugasamir sendi uppl. á starfsmannafelag19@gmail.com fyrir 20. mars 2015.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Nauðsynlegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Sælkerar vikunnar eru Guðrún Anna Finnbogadóttir og Steinar Ríkharðsson á Patreksfirði

Þjóðlegt með ferskum blæ

Þar sem fiskur hefur spilað stóran þátt í lífi okkar og forfeðra okkar hef ég ákveðið að bjóða upp á einfaldann fiskrétt sem allar kynslóðir geta glaðst yfir. Uppskriftin er úr bókinni „Heilsuréttir fjölskyldunnar" sem aðlagar gott hráefni að smekk ungafólksins. Þar sem þjóðlegt er í tísku núna langar mig einnig að bjóða uppá þjóðlega „gamaldags" jarðaberjatertu sem við buðum uppá í brúðkaupinu okkar árið 2000 sem var í Ósvörinni.

Millimáltíðir

Milli mála er fátt betra en að fá sér harðfisk sem er afskaplega þjóðlegt og gott snakk jafnvel með smjöri, ef vill.

Steiktur fiskur í sesamkókosraspi

Rétturinn er fyrir 4

1 kg Þorskur (mæli með vestfirskum) roðflettur og beinhreinsaður.
4 dl Kókosmjöl
2 dl Sesamfræ
Sjávarsalt og nýmalaður Pipar
2 Egg
2-3 msk Kókosolía eða Íslenskt smjör til steikingar

Aðferð: Blanda smana sesamfræjum og kókosmjöli á djúpan disk. Brjóta eggin og hræra með gaffli í öðrum djúpum diski. Skera þorskflakið í fjóra bita og velta bitunum upp úr eggjunum og síðan kókos- og sesamblöndunni. Leggja fiskbitana á bakka og krydda með salti og pipar báðar hliðar. Hita olíuna eða smjörið á pönnu og steikja fiskinn við meðalhita í 2-3 mínútur á hvorri hlið.

Með þessu er gott að hafa hunangssósu sem gerð er úr 1 dós Sýrðum rjóma og 1 msk Mangó chutney eða akasíuhunangi. Fyrir „vandláta" er tómatsósa góð.

Sætarkartöflu franskar

2 stk Sætar kartöflur
2-3 msk Jómfrúarolía
Sjávarsalt eftir smekk

Kartöflurnar afhýddar og skornar í franskar, helst í þykkari kantinum. Ofninn hitaður í 180°C. Allt hráefnið sett saman í skál og velt saman þar til olían þekur allar franskarnar. Bökunarpappír settur í ofnskúffuna og frönskunum dreyft í og bakaðar í 20-30 mínútur og kartöflunum velt reglulega þar til þær eru gegnum eldaðar.

Jarðaberjaterta

Þjóleg kaka sem hefur nostalgíu bragð og útlit

4 Eggjahvítur
1 bolli Sykur
2 bollar Kókosmjöl
100 gr Suðusúkkulaði, brytjað
1 peli Rjómi
1 heildós Jarðarber

Eggjavítur og sykur stífþeytt saman. Kókosmjöli og súkkulaði blandað varlega útí. Bakað í tveim tertuformum sem smjörpappír hefur verið lagður í. Bakað í miðjum ofni við 200 gráða hita. Botnarnir látnir kólna smástund og síðan lagði á sykraðan smjörpappír.

Jarðarberin er stöppuð með gaffli og blandað saman við þeytta rjómann. Blandan sett á milli botnanna og kakan síðan skreytt með rjóma og jarðarberjum.

Ég skora á Línu Björgu og Stebba á Ísafirði að verða næstu sælkerar vikunnar.

talsvert veigamikill þáttur í sýningunni. „Fyrir utan sönglögin er notuð tónlist í bindisenum, og líka þegar eitthvað er í gangi, þá er maður að bæta tónlist inn í verkið,“ segir Stefán. Hann er sá eini sem spilar þar á hljóðfæri en allir leikararnir tíu syngja. „Þetta hefur verið mjög skemmtileg vinna,“ segir Stefán um æfingarnar og undirbúninginn.

Stefán hefur ekki unnið með LL áður, en starfaði í Leikfélagi Flateyrar í nokkur ár og síðar með Leikfélagi Hólmavíkur. „Þegar ég var tónlistarkennari þar settum við upp sýningar með grunnskólanum og þar var ég tónlistarstjóri. Við settum upp söngleikinn Grease og fleira og þá var konan mín leikstjóri. Það má segja að ég hafi verið í þessu tónlistarstjórastússi alveg frá því að ég var átján-nítján ára, með einhverra ára hléum á milli. Alltaf jafngaman og alltaf jafnerfitt!“

Gaman að vinna í fúlustu alvöru

„Já, þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími,“ segir Kári Halldór leikstjóri um æfingarnar. „Það hefur verið mjög opið samstarf í hópnum, þau hafa verið áræðin að prófa og gera hluti sem þau hafa ekki gert áður í leiklist. Við höfum skemmt okkur vel við að vinna í fúlustu alvöru að því að koma þessum gamanleik á svið! Þetta hefur verið mjög gefandi fyrir mig, vegna þess að allir hafa verið tilbúnir að gefa sig heilshugar í þetta,“ segir hann.

Kári hefur mjög fjölþætta reynslu að baki og hefur stjórnað á annað hundrað leiksköpunar- og leiktúlkunarverkefnum. Hann stundaði nám við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og sérnám í leiklistarkennslu við Leiklistarskólann í Stokkhólmi. Hann hefur auk þess sótt fjölda námskeiða í gegnum árin á hinum ýmsu sviðum er snerta sköpun og tjáningu, kennslufræði og stjórnun.

Frá 1972 hefur Kári starfað sem leikari, leikstjóri og leiklistarkennari á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Á þessum 43 ára ferli hefur hann stjórnað tugum sviðsverka hér heima og erlendis, sviðsett óperur og leikstýrt fyrir Sjónvarpið. Sviðsetningar hans hafa gestaleikið í Danmörku, Svíþjóð, Litháen og Japan.

Hann var einn af helstu leiktúlkunarkennurum Leiklistarskóla Íslands frá stofnun hans 1975 og næsta aldarfjórðunginn, og hefur líka kennt leiksköpun við leiklistarháskóla annars staðar á Norðurlöndunum. Hann var leiklistarstjóri Íslensku óperunnar frá 2002 til 2004 og kenndi leiktjáningu og leiktækni við Kvikmyndaskóla Íslands frá 2007 til 2012.

Tjáeðlisfræði??

Um árabil hefur Kári líka kennt á námskeiðum fyrir stjórnendur og aðra starfshópa, þjálfað óperusöngvara, dansara, hljóðfæraleikara, kennara, presta, sjónvarpskynna og fréttafólk. Hann hefur lagt sig sérstaklega eftir hinum ýmsu greinum er snerta sköpunarmátt mannsins og tjátækni og unnið að rannsóknum og tilraunum á sviði listsköpunartækni leikarans og tjáeðlisfræði mannsins.

Jóhanna Ása Einarsdóttir, Kári Halldór og Stefán Jónsson. Ljósm: Benedikt Hermannsson.

– Tjáeðlisfræði?? Hvað felst í því að vera tjáeðlisfræðingur?

„Það er sá sem er að vinna með og kanna hver eru eðlislögmál tjáningar, allt það sem er sam-mannlegt í tjáningu, og lýtur ekki smekk eða duttlungum eða menningu.

– Hvernig hefurðu staðið að þessum tjáeðlisfræðirannsóknum?

„Ég hef alla tíð tvinnað þetta inn í alla mína vinnu, það hefur verið hluti af því sem ég hef verið að gera. Þegar þú vinnur að listsköpun, þá ertu alltaf að vinna rannsóknarvinnu. Það sem hefur vakið áhuga minn gegnum árin er spurningin hvað það er sem veldur því að áhorfendur skilja leiksýningar án þess að hafa lært neitt um það. Við höfum einfaldlega lært það í okkar samskiptum að skilja hvert annað án þess að hafa fengið neina formlega skólun í því. Við skiljum tjáningu fólks þó að við skiljum ekki alltaf orðin sem það segir. Gleði á sér tjáningu, sorg á sér tjáningu.

Þetta eru bara hlutir sem við skiljum og sama tjámálið og leikarinn notar á leiksviði, og þess vegna geta áhorfendur skilið það sem fram fer. Allt sem þú þarft á að halda í tjáningu býr í þér. Það býr ekki bara í einhverjum fáum, það býr í öllum.“

Kári segir að meginháherslurnar á starfsferli hans hafi verið leiklistarkennslan og leikstjórnin. „Það er kennslan, tjáningarkennslan, sem hefur verið samfelldust. Mér finnst gaman að kenna,“ segir hann, en bætir við að honum þyki reyndar allt sem viðkemur leiklistinni vera gefandi og skemmtilegt.

Og ekki leynir sér í samtölum við fólk sem unnið hefur að uppfærslunni á gamanleiknum Kallarðu þetta leikrit?! að undirbúningstíminn hefur verið ákaflega skemmtilegur. Enda er það reynslan fyrr og síðar, að minnsta kosti hjá áhugaleikfélögum, að öll vinnan og samveran áður en kemur að frumsýningu er kannski það sem mestu skiptir.

Orkubú Vestfjarða - spennandi störf

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða kraftmikla einstaklinga til starfa á veitusviði. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt! Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 65 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Höfuðstöðvar Orkubúsins eru á Ísafirði. Leitað er að einstaklingum í vinnuflokk sem er með starfsstöð á Patreksfirði.

Vélfræðingur - Vélstjóri

Starfssvið:
- Daglegur rekstur hitaveitu og kyndistöðvar
- Viðhald og nýframkvæmdir í veitukerfi
- Rekstur og viðhald díselvéla
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:
- Vélstjórnarmenntun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Almenn tölvufærni

Rafvirki - rafveituvirki

Starfssvið:
- Daglegur rekstur flutnings- og dreifikerfis
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á há- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafvirkjun/rafveituvirkjun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Almenn tölvufærni

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um störfin.

TALENT RÁÐNINGAR

Linnetsstígur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2015. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Stefna á 15-20 manna saltfiskvinnslu á Flateyri

Byggðastofnun hefur ákveðið að ganga til samninga við hóp heimamanna á Flateyri um nýtingu á aflaheimildum stofnunarinnar á staðnum. „Þetta er óstofnað félag og það voru níu aðilar sem tóku þátt í umsókninni til Byggðastofnunar," segir Kristján Torfi Einarsson á Flateyri sem er í forsvari fyrir hópinn ásamt Steinþóri Bjarna Kristjánssyni. Hópurinn ætlaði að funda á mánudagskvöld og í framhaldinu verður farið í hlutafjárútboð innan hópsins og fljótlega verður félagið stofnað formlega. Stefnt er á saltfiskvinnslu og er búið að fá kauptilboð samþykkt í húsnæði undir vinnsluna á Flateyri og sömuleiðis samþykkt kauptilboð í línubátinn Jóhönnu G. Bæði báturinn og húsið eru í eigu Arctic Odda.

„Okkur líst best á að fara í saltfiskvinnslu. Við erum fyrst og fremst með smábáta og saltfiskvinnsla er ekki eins viðkvæm fyrir lélegum gæftum eins og t.d. ferskfiskvinnsla. Að auki er engin hefðbundin saltfiskvinnsla á norðanverðum Vestfjörðum í dag og við teljum að þetta væri góð viðbót," segir Kristján Torfi.

Hann segir að stefnt sé að í vinnslunni verði á milli 15 og 20 starfsmenn þegar starfsemin verður komin á skrið. „Langtímamarkmiðið er að heimamenn geti byggt upp aflaheimildir. Okkur upplegg er að útgerðin og vinnslan deili með sér ágóðanum af byggðakvótanum, vinnslan fær fisk á góðu verði og bátarnir fá meiri aflaheimildir. Við fáum þarna forgjöf til að koma þessu af stað og vonandi er þetta upphafið að einhverju meira," segir hann og bætir við að fyrirtækið verði í dreifðri eignaraðild. „Sem þýðir að það er ekki undir neinum einum komið að selja og fara, það er ákveðin festa fólgin í því."

Störf tryggð við áframhaldandi fiskvinnslu á Þingeyri

Útgerðarfyrirtækið Vísir hf. hefur selt fasteignir sínar á Þingeyri, ásamt tækjum og búnað til fiskvinnslu. Kaupandinn er Íslenskt sjávarfang sem stefnir að því að fjölga störfum við fiskvinnslu á Þingeyri frá því sem nú er og vinna og frysta þar allt að 4.000 tonn af fiski á ári. Markmiðið með kaupsamningnum er að viðhalda og efla atvinnulíf á Þingeyri og tekur kaupverðið mið af því. Kaupverðið hækkar um 50 milljónir króna standi Íslenskt sjávarfang ekki við þau ákvæði samningsins að halda uppi fullri atvinnustarfsemi á staðnum í fimm ár og vera með að minnsta kosti 20 stöðugildi.

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, segir þessi ákvæði samningsins afar mikilvæg því þau tryggi að starfsfólk Vísis á Þingeyri geti haldið áfram störfum við fiskvinnslu á staðnum eftir að Vísir flytur starfsemi sína til Grindavíkur um næstu mánaðamót. Rúnar Björgvinsson, framkvæmdastjóri Íslensks sjávarfangs, stefnir að því að fjölga starfsfólki við fiskvinnsluna á Þingeyri úr 20 í 30. Búið sé að tryggja fyrirtækinu nægilegan afla með samningum við eigendur smábáta á svæðinu, dragnótabátsins Egils frá Þingeyri og þriggja togara.

Íslenskt sjávarfang er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi og þar starfa um 100 manns.

Vond veður og stríð

Vart hefur farið fram hjá nokkrum fullvaxta manni að veturinn hefur verið óvenju erfiður. Einkum er það veðrið sem hefur gert okkur búandi á Íslandi lífið leitt. En fleira kemur til. Lítil gleði hefur fylgt því að fylgjast með störfum Alþingis á líðandi vetri. Vonandi er það tímabundið ástand. En veðrið hefur verið afar sérstakt. Þrálátar lægðir hafa farið yfir landið og virðist ekkert lát á. Margir bíða vorsins í ofvæni og vonast eftir góðu sumri. Okkur veitir ekki af eftir veturinn, sem hefur valdið ýmsu tjóni, einkum á húsum og lausamunum að ógleymdum götum og vegum. Tryggingafélög hafa nóg að gera eftir síðustu helgi að skrá niður og meta veður- og vatnstjón. Snjóflóð hafa haldið okkur Vestfirðingum á tánum í vetur. Öll eigum við margt ólært bíði margur veturinn líkur þessum. En því var aldrei lofað að lífið yrði létt á Íslandi. Þess vegna er nauðsynlegt að læra af vetrinum og búa okkur þannig undir hina ókomnu.

Vegir hafa lokast óvenju oft i vetur og álag verið mikið á björgunarsveitum, sem hlýtur að kalla á nýja hugsun og aðferðir. Eitt af því sem hefur breyst er að nú eru fjölmargir útlendir ferðamenn á þjóðvegunum. Þeim þarf að veita leiðbeiningar. Annars verða þeir viðfangsefni björgunarsveitanna um leið og litið er af þeim. Verstir eru þó kannski ferðarekendur. Um daginn var sem oft áður varað við vondu veðri og lýst yfir óvissuástandi á Hellisheiði syðra. Engu að síður fóru nokkrar rútur af stað með útlenda ferðamenn og teppust um skeið austan nefndrar Hellisheiðar sem að sjálfsögðu lokaðist. Þá vaknar spuringin um það hvort þeim sem selja ferðamönnum þjónustu sé ekkert heilagt. Allt fyrir peningana. Nú verða þeir sem vilja þéna á ferðamönnum að læra að sýna ábyrgð og gæta sín svo græðgin komi ekki í bakið á þeim og öðrum sem eru í sömu sporum, en sýna meiri gætni og ábyrgð.

Talandi um ábyrgð er rétt að líta til Alþingis og ríkisstjórnar. Stundum fer minna fyrir henni en þörf er á. Nú skelfur þjóðin vegna eins bréfs utanríkisráðherra. Þeim sem eru litlir áhugamenn um Evrópusambandið er nokkuð brugðið af því að fylgjast með áhugamönnum um það fyrirbæri. Allt of lítil umræða hefur farið fram um kosti og galla Evrópusambandsins. Alltaf er rætt á hástemmdum tilfinninganótum, en sjaldan eða aldrei af rökum og skynsemi. Ríkisstjórn Steingríms Jóhanns og Jóhönnu Sigurðardóttur hafði fjögur ár til að ljúka viðræðum en gerði það ekki. Það er óskiljanlegt og sýnir öðru fremur vilja- eða getuleysi til að ljúka viðræðum, nema hvort tveggja sé. Vart hefur neinum vegi verið lokað nú, enda var hann ekki nýttur þótt opinn væri. Nu dynur huns vegar á vont pólitískt ofviðri, engum til gagns.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gísli Halldór og Örn Elías í stuði. Ljósm: Benedikt Hermannsson.

Undirrituðu stuðsamning

Ísafjarðarbær og Aldrei fór ég suður hafa gert með sér stuðsamning um framkvæmd og aðkomu bæjarins að tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður. Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Örn Elías Guðmundsson, stjórnarformaður Aldrei fór ég suður, skrifuðu undir samninginn á fimmtudag. Með samningnum skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að leggja fram vinnuframlag rokkstjóra í gegnum samstarfssamning Ísafjarðarbæjar og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Bærinn leggur einnig fram vinnuframlag upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar og veitir 200 þúsund króna styrk til greiðslu fyrir þjónustu gjaldkera.

Í samningnum er einnig kveðið á um að bærinn tryggi fjármagn til skuldauppgjörs hátíðarinnar, að hámarki tveimur milljónum króna á ári. Með því er ekki átt við styrk frá bænum, heldur hleypur bærinn undir bagga tímabundið lendi hátíðin í erfiðleikum með uppgjör skulda. Aldrei fór ég suður skuldbindur sig til að halda hátíðina að öllu öðru leyti, tryggja að hún verði ekki rekin með tapi og að lagt verði fram fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að hátíðin fer fram.

Með samningnum setja Ísafjarðarbær og Aldrei fór ég suður sér eftirfarandi markmið:

• Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar sýni fordæmi og taki þátt í hinum ýmsu vinnuhópum hátíðarinnar.

• Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og allir aðstandendur AFÉS lofa með samningi þessum að vera í bullandi sullandi stuði alla páskahelgina.

• Enn fremur munu þeir leggja sig alla fram við að smita aðra bæjarbúa og gesti af gleði sinni og ást.

• Að finna lausn á framtíðarhúsnæði fyrir hátíðina á samningstímanum.

Tilgangur Aldrei fór ég suður hátíðarinnar er að bjóða upp á metnaðarfulla samfélagsbætandi tónlistarhátíð. Markmiðið er að koma á framfæri framsækinni og/eða stórkostlegri íslenskri tónlist í óvenjulegu umhverfi. Sérstaklega er lagt upp með að kynna tónlistarfólk sem tengist Ísafirði. Markmiðið er einnig að efla jákvæða ímynd Ísafjarðarbæjar sem ferðamannastaðar bæði innanlands og erlendis og vekja athygli á ríkri tónlistarsögu og grósku bæjarins í þeim efnum. Ísafjarðarbær og AFÉS gera hér með samning um að standa saman að hátíðinni.

Samningurinn tekur til Aldrei fór ég suður hátíðanna 2015, 2016 og 2017. Endurskoða skal samninginn eigi síðar en 1. júní 2017. *– smari@bb.is*

Perlur fjarðarins hefja starfsemi

Til tíðinda dró í atvinnumálum Flateyringa á föstudag. Þann dag samþykkti Byggðastofnun að semja við önfirska útvegsmenn um sértækan byggðakvóta og nýtt ferðaþjónustufyrirtæki, Perlur fjarðarins ehf., opnaði skrifstofu. Stofnendur fyrirtækisins eru gamlir og nýir Flateyringar sem sjá möguleika í mögnuðum firði. Mikill áhugi er á félaginu og mun eigendahópurinn stækka innan tíðar. Í Önundarfirði eru nú þegar starfandi nokkrir ferðaþjónar enda býður fjörðurinn upp á mikla möguleika í ferðaþjónustu. „Þeir sem eru í ferðaþjónustu í firðinum hafa náð góðum árangri en það má gera að því skóna að það megi betur gera. Perlur fjarðarins vilja tengja þá sem fyrir eru á fleti í þessum geira og styðja þá og hvetja sem hafa góðar hugmyndir og vilja hefja rekstur,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, einn eigenda Perlu fjarðarins.

Fyrirtækið hyggst markaðsetja fjörðinn sem magnaða náttúruparadís fyrir fjölskyldur og náttúruunnendur og selja þjónustu í umboði önfirskra ferðaþjóna. Í stuttu máli má segja að Perlur fjarðarins séu markaðs- og söluskrifstofa Önundarfjarðar. Heimasíða fyrirtækisins er í smíðum en þar verður hægt að nálgast allar upplýsingar um það sem er í boði í firðinum, panta þjónustu og greiða fyrir hana. Skrifstofan er Hafnarstræti 27 í húsi sem flestir kannast við undir heitinu Allabúð og þangað eru allir velkomnir.

Í Önundarfirði hefur megin atvinnugreinin verið sjávarútvegur og má með sanni segja þar hafi íbúar marga fjöruna sopið.

Frá opnun skrifstofunnar. F.v. Bryndís Sigurðardóttir, Hermann Þorsteinsson, einn eigenda fyrirtækisins, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Arna Lára Jónsdóttir formaður bæjarráðs. Ljósm: Páll Önundarson.

„Sjávarútvegur mun alltaf vera mikilvægur í lífi og starfi íbúa fjarðarins og þeir búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á því sviði. Engu að síður er mikilvægt að atvinnulíf sé fjölbreytt og þar koma Perlur fjarðarins sterkar inn,“ segir Bryndís.

Nærri helmingi flugs aflýst

Hundruðum ferða hjá Flugfélagi Íslands hefur verið aflýst á síðustu mánuðum vegna veðurs. Ingi Þór Guðmundsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs FÍ, segir í samtali við Morgunblaðið að í febrúar hafi um 40% allra ferða til Ísafjarðar verið aflýst. Um miðjan nóvember byrjuðu lægðir að streyma að landinu og hafa gengið yfir landið hver á fætur annarri þriðja hvern dag eða svo. Frá því að þessi mikli lægðagangur hófst hafa alls 559 ferðir hjá Flugfélagi Íslands verið blásnar af. Hafa ber í huga að flug frá Reykjavík til Ísafjarðar, til dæmis, telst vera tvær ferðir.

Diskó og reggí á Aldrei fór ég suður

Nýjustu hljómsveitirnar sem hafa boðað komu sína á Aldrei fór suður eru Boogie Trouble og Amabadama. Tónlist Boogie Trouble er draumur allra diskóbolta, og annara sem hafa ríka fyrir að dilla sér við hressandi tónlist. Hljómsveitin var stofnuð 2011, og innan hennar má finna gamla meðlimi úr Rökkurró, Sprengjuhöllinni og Útidúr svo eithvað sé nefnt. Reggísveitin Amabadama hefur átt miklum vinsældum að fagna síðustu misseri. Sumarsmellurinn Hossa Hossa fékk gríðarlega spilun í fyrra og ekkert lát var á fleiri hitturum frá hljómsveitinni og síðan komu smellirnir hreinlega á færibandi.

Valgeir verður heiðursgestur

Tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson verður heiðursgestur á Aldrei fór ég suður og treður þar upp með úrvali hljóðfæraleikara af hátíðinni. Valgeir hefur verið í framvarðasveit íslenskra tónlistarmanna frá því um miðjan áttunda áratuginn. Til að undirstrika mikilvægi Valgeirs í íslenskri tónlistarsögu nægir að nefna tvær hljómsveitir; Spilverk þjóðanna og Stuðmenn. Þá er ótalinn farsæll sólóferill Valgeirs sem hefur gefið af sér lög eins og Popplag í G-dúr, Ástin vex á trjánum, og mörg fleiri. Skráð tónverk Valgeir eru á fimmta hundrað og komið út á hljómplötum, í kvikmyndum og sjónvarpasþáttum og í leikhúsi.

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

Föstudagur 20. mars
kl. 19:45 Wolves - Derby
Laugardagur 21. mars
kl. 12:45 Man. City - WBA
kl. 15:00 Newcastle - Arsenal
kl. 15:00 Stoke - Crystal P
kl. 15:00 Aston V - Swansea
kl. 15:00 Tottenham - Leicester
kl. 15:00 QPR - Everton
kl. 15:00 South.pt. - Burnley
kl. 17:30 West Ham - Sunderl.
Sunnudagur 22. mars
kl. 13:30 Liverpool - Man. Utd
kl. 16:00 Hull - Chelsea
kl. 20:00 Barcelona - Real M.

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

19. mars 1971: Tollstöðvarhúsið í Reykjavík var tekið í notkun með viðhöfn.

20. mars 1982: Sprenging varð í hreyfli Fokker vélar Flugleiða skömmu eftir flugtak á Ísafirði og hjónbúnaður laskaðist. Vélin nauðlenti á Keflavíkurflugvelli, en engin slys urðu á fólki.

21. mars 1974: Undirskriftir 55.522 Íslendinga voru afhentar forseta sameinaðs Alþingis þar sem varað var við uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin. Þetta var stærsta undirskriftarsöfnun hérlendis og var hún nefnd „Varið land."

22. mars 1972: Í Ijós kom að Geirfugladrangur, vestur af Eldey, hafði hrunið eða sokkið í sæ. Drangurinn, sem er grunnlínupunktur landhelginnar, var áður um 10 metra hár en kemur nú aðeins upp úr sjó á háfjöru.

23. mars 1937: Sundhöllin í Reykjavík var vígð að viðstöddu fjölmenni. Hún hafði verið í byggingu í nokkur ár.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Breytileg átt og þurrt veður. Bætir í vind vestanland um kvöldið með rigningu eða slyddu. Hiti 0-6 stig.

Horfur á laugardag:
Sunnan 8-15 m/s og rigning, einkum vestanlands. Hiti 3-9 stig. Vestlægar um kvöldið með skúrum eða slyddu.

Horfur á sunnudag:
SV 8-13 m/s og él. Hiti um eða rétt yfir frostmarki.

Krossgátan



					ÁRLA	KÚA-SKÍTUR	ERLENDIS		VÖRU-MERKI	HÁSETA-KLEFI	SVELGUR
				SÁRA-ÁBURÐUR							
				GAGN				SKÁÐAK / VARKÁRNI			
				AKUR					ÍÞR. FÉLAG / MÆLI-EININGU		
				LENDA							NÚMER TVÖ
	↓	GERST	TVEIR EINS	SKÓLI / SKRÁ			FREMJA / DRULLA				
VITNA						RÉNUN / TÖF				YFIRRÁÐ	
ESPA					UMBÓT / SAMS-KONAR						
HREYFING			STEFNA / KÚNST					ANGRA / VEIÐI			
AÐ				STARF / SALTPÉTUR					TVEIR EINS / MEIÐSLI		
DUGLEGUR						ÚTMÁ / RÓTAR-TAUGA					HAMINGJA
		VERST / SNÍKJUDÝR					LOKKA / FJÁHÆÐ				
SAMNING-UR					MJÓLKUR-VARA					SÁLAR	
FRÁ			POTT-RÉTTUR / DRAUP					KOPAR	SMÁORÐ / ANGAN		
HRÓSA					EIN-SAMALL / SAMTÖK						
KLÍNA						DUGA					
SJÁ EFTIR						HANDA					

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Lausn á síðustu krossgátu

				ÓHEPPNI	ÚTGJÖLD	ÓSVIKINN		SAMTÖK	SKORPA	FATAEFNI
			MÆTAST	S	K	E	R	A	S	T
			ENDIR	L	O	K	MJAKA / ÞÁTT-TAKANDI	A	K	A
			HLEYPA	Y	S	T	A	TVEIR EINS / YNDIS	U	U
			ÞRJÓSKUR	S	T	A	Đ	U	R	ÁVÖXTUR
	↓	UNNA	TIL DÆMIS	ÁTT / FLAN	N	A	FRAM-KVÆMA / ÓSKIPTAN	I	N	N	A
MÆLI-EINING	M	E	T	R	I	FÓSTRA / RÁN	A	L	A	VÍÐUR	K
BYLGJA	A	L	D	A	RÝMA / AÐALS-TITILL	H	L	I	Đ	R	A
KLAKI	Í	S	HERÐA-KLÚTUR / ALLS KONAR	S	J	A	L	FÝLDUR / GRAMSA	S	Ú	R
MÓÐU-ÞYKKNI	S	K	Ý	MJÖG / VÍGT BORÐ	A	F	A	R	Í RÖÐ / SÓDI	M	N
NÁÐHÚS	K	A	M	A	R	NÆGILEGA / ÞURRKA ÚT	N	Ó	G	U	FLJÓTA
	Ó	SLÆMA / HLJÓÐFÆRI	I	L	L	A	SVÖRÐUR / KVEINA	T	O	R	F
ÁFALL	L	O	S	T	ÞUS	F	J	A	S	HLIÐ	L
FRÚ	F	R	AUMA / TEMJA	A	R	M	A	GRAS	SJÓ / AÐ	S	Æ
SEYTLAR	A	G	A	R	MISSERI / ÓNEFNDUR	Á	R	S	T	Í	Đ
ÆSIR	R	E	G	I	N	SÆRA	M	E	I	Đ	A
	KAUP	L	A	U	N	ÁVINNA	A	F	L	A	

Sudoku þrautir

4				5	1	9		
		1				4	7	3
	8	3		7	9			2
	9	4		8			2	
	7		9					4
			2		7	1		
3							9	
		2	1		8		4	
			6		4		8	7

7	1	3	9	2				
	9		1		4	8	3	2
	8				3			
		9	7			1		5
	3	2	5		6			7
			4		1		8	3
3			2	1	5		7	9
	2	5			7	3		6
	7		3	6				

Vefmyndavélin aftur í gagnið

Í byrjun síðasta árs réðst Orkubú Vestfjarða í það verkefni að setja upp vefmyndavél í Stórurð á Ísafirði í samstarfi við tölvuþjónustuna Snerpu á Ísafirði. Hafa fjölmargir nýtt sér myndavélina, ekki síst brottfluttir Ísfirðingar. Þegar spennistöð Orkubúsins í Stórurð var rifin í haust var vélin tekin niður. Henni hefur nú verið fundinn annar staður, á orkustöð Orkubús Vestfjarða við Mjósund á Ísafirði. Þar gefst gott sýni yfir Pollinn í Skutulsfirði, hluta eyrarinnar og efri byggðina í Skutulsfirði. Einnig er hægt að skoða vélina á vef Snerpu.

Þetta er fyrsta vefmyndavél Orkubúsins en á fyrrnefndri vefsíðu Snerpu er hægt að sjá myndir úr fleiri vefmyndavélum á Ísafirði og einnig úr einni vél í Dýrafirði og tveimur á Bíldudal. Þá eru ónefndar fjöldi vefmyndavéla Vegagerðarinnar sem beina vökulum linsum sínum að helstu umferðaræðum Vestfjarðakjálkans vegfarendum til upplýsinga.

Þrettán félög fá styrk til greiðslu fasteignagjalda

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu fjármálastjóra um styrki til greiðslu á fasteignagjöldum félagasamaka. Hámarksstyrkur er 130 þúsund krónur og fengu sex félög hámarksstyrk. Félögin sem fengu styrki eru Kvenfélagið Hlíf, Golfklúbbur Ísafjarðar, Félag eldri borgara í Önundarfirði,

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ, Knapaskjól ehf., Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Átthagafélag Snæfjallahrepps, Oddfellowhúsið á Ísafirði, Björgunarsveitin Björg, Félag um Snjáfallasetur, Kiwanisklúbburinn Básar, Framsóknarfélag Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhúsið ehf.

Bjartmar í Bolungarvík

Tónlistarmaðurinn ástæli, Bjartmar Guðlaugsson, heldur tónleika í Félagsheimilinu í Bolungarvík föstudagskvöldið 27. mars nk. Þar verður Bjartmar einn með gítarinn og fer yfir ferilinn. Hann mun taka alla þekktustu slagarana sína m.a. lag þjóðarinnar, Þannig týnist tíminn.“

Í tilefni þess að Benedikt Sigurðsson, vert í Félagsheimilinu, fagnar fertugsafmæli sínu 23. mars, vonast hann til að sjá sem flesta mæta. Hann segir að sviðið verði laust fyrir alla tónlistarmenn.

Þjónustuauglýsingar





BETRA BAK FRÁ FERMINGU TIL FULLORÐINSÁRA

HEILSUSAMLEG GJÖF Á GÓÐU VERÐI!

DÚNMJÚKUR DRAUMUR

FERMINGAR TVENNA

QOD dúnsæng
· 90% dúnn
· 10% smáfiður
Fullt verð: 25.900 kr.

QOD dúnkoddi
· 15% dúnn
· 85% smáfiður
Fullt verð: 4.900 kr.

24.900 kr.

HEILSUDÝNAN SEM LÆTUR ÞÉR OG ÞÍNUM LÍÐA VEL!

FERMINGARTILBOÐ

Charlotte Julien
Dream your world™

25%

FERMINGARAFSLÁTTUR AF C&J HEILSURÚMUM

SHAPE
Shape Comfort koddi fylgir með að verðmæti 5.900 kr.

PLATINIUM100X200
AÐEINS KRÓNUR
67.425
FERMINGAR-TILBOÐ

GOLD120X200
AÐEINS KRÓNUR
89.925
FERMINGAR-TILBOÐ

GAFL SELDUR SÉR

Tegund	Stærð	Dýna og Classic-botn	Fermingar-tilboð
C&J Platinum	100x200	89.900 kr.	**67.425 kr.**
C&J Platinum	120x200	99.900 kr.	**74.925 kr.**
C&J Platinum	140x200	114.900 kr.	**86.175 kr.**
C&J Gold	90x200	96.900 kr.	**72.675 kr.**
C&J Gold	100x200	104.900 kr.	**78.675 kr.**
C&J Gold	120x200	119.900 kr.	**89.925 kr.**
C&J Gold	140x200	139.900 kr.	**104.925 kr.**

Frábært verð!

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga kl. 12^{00}-18^{00}
og laugardaga kl 11^{00}-13^{00}